



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2012

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um fullgildingu Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun og frumvarp til almennra hegningarlaga (varnir gegn kynferðislegri misnotkun barna), 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 417 – 341. og 344. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um fullgildingu Evrópuráðssamnings um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun ásamt frumvarpi til breytinga á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. MRSÍ fagnar því að til stendur að fullgilda samninginn enda er hann til þess fallinn að auka réttarvernd barna sem verða fyrir kynferðislegri misnotkun. Rannsóknir benda til þess að jafnvel svo hátt hlutfall sem eitt af hverjum fimm börnum verði fyrir kynferðisofbeldi eða áreiti á barnsaldri. Líkamlegur og andlegur skaði sem börn hljóta af kynferðislegri misnotkun er oft varanlegur, enda um gróf brot að ræða sem sporna þarf við með öllum tiltækum ráðum. Stór hluti þeirrar viðleitni felur í sér að byggja upp lagaumhverfi sem verndar börn með eins ríkum hætti og unnt er og í því sambandi er lögfesting Evrópuráðssamningsins jákvætt skref í átt að aukinni vernd barna gegn kynferðisbrotum. Sem liður í lögfestingu samningsins hefur ráðherra lagt fram viðhlítandi breytingar á almennum hegningarlögum. MRSÍ telur breytingar á 5. gr. um tvöfalt refsinaemi sérstaklega lofsverðar, enda slíkt löngu orðið tímabært og í samræmi við ítrekaðar tillögur barnaréttarnefndar Sp.<sup>1</sup>

MRSÍ telur hins vegar þörf á frekari breytingum á þeim ákvæðum kynferðisbrotakafla almennra hegningarlaga sem fjalla um varnir gegn kynferðislegri misnotkun barna. Þar gætir misræmis hvað varðar refsiramma fyrir þau afbrot sem falla þar undir. Nauðgunarákvæði 194. gr. almennra hegningarlaga kveður á um hámarksrefsingu allt að 16 árum og í a. lið 195. gr. er sérstaklega mælt fyrir um að sé þólandi undir 18 ára aldri skuli það varða til refsilyngingar. Hámarksrefsing allt að 16 árum er jafnframt lögð við broti gegn 202. gr. fyrir að hafa kynferðismök við barn yngra en 15 ára. Hins vegar er hámarksrefsing fyrir brot gegn 200. gr. og 201. gr. töluvert lægri eða 12 ár fyrir nákvæmlega sömu brot. Eini munurinn er sá að í 200. og 201. gr. er gerandinn tengdur fórnarlambinu fjölskylduböndum eða ber trúnaðarskyldur gagnvart því, en það á ekki við um hin ákvæðin.

<sup>1</sup> Sjá lokaathugasemdir barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, skjal no. CRC/C/ISL/CO/3-4.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Í nýlegum dómi Hæstaréttar nr. 562/2011 var maður sakfelldur á grundvelli 194., 201. og 202. gr. almennra hegningarlaga fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn barnungri dóttur konu sem hann hafði verið í sambandi við um hríð. Er það álit Hæstaréttar að maðurinn hafi gerst sekur um nauðgun en hann var fjölskylduvinur, áratugum eldri en barnið og notfærði sér yfirburði sína og varnarleysi barnsins til að brjóta gegn því. Hæstiréttur leggur aldursmun, þroskamun og aðstöðumun að jöfnu við beitingu ofbeldis, ólögætrar nauðungar eða sviptingar sjálfræðis, þ.e. skilyrði nauðgunar skv. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Að mati Hæstaréttar ber því að líta á kynferðisbrot gegn barni grafalvarlegum augum, hvort sem brotið fellur undir 201. eða 202. gr. almennra hegningarlaga það eitt að misnotkunin eigi sér stað innan vébanda fjölskyldunnar eða á grundvelli trúnaðarbrests á að sjálfsögðu ekki að breyta neinu hvað hámarksrefsingu varðar, enda hlýtur slíkur verknaður að leggjast að jöfnu við nauðgun í tilvikum eins og þeim sem í framangreindum dómi Hæstaréttar greinir. Að þessu virtu telur MRSÍ rétt að breyta ákvæðum 200. og 201. gr. almennra hegningarlaga með þeim hætti að refsiramminn verði hækkaður í 16 ár til samræmis við 194. og 202. gr.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri